

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1963****2023/EES/62/49****frá 8. nóvember 2021****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi í  
viðhaldsfyrirtækjum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum 17. gr. (g-lið 1. mgr.), 62. gr. (14. og 15. mgr.) og 72. gr. (5. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um kröfur um áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. kröfur sem gerðar eru til viðhaldsfyrirtækja.
- 2) Í samræmi við b-lið liðar 3.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 verða samþykkt viðhaldsfyrirtæki að innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi, eins og við á fyrir þá tegund starfsemi sem stunduð er og umfang fyrirtækisins, með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í þeim viðauka, stjórna öryggisáhættu og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi.
- 3) Samkvæmt 19. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“), skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem veita þjónustu til flugrekenda flugvéla og þyrlna, sem notaðar eru í millilandaflutningum í lofti, innleiði öryggisstjórnunarkerfi.
- 4) Því ætti að innleiða stjórnunarkerfi fyrir öll viðhaldsfyrirtæki, sem falla undir gildissvið II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 („viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta“), til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og fylgja ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem settar eru í 19. viðauka við Chicago-samninginn.
- 5) Öllum viðhaldsfyrirtækjum með samþykki skv. 145. hluta er skylt að koma á fót tilkynningarkerfi um atvik. Því ætti að breyta ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að tryggja að tilkynningarkerfi um atvik sé komið á fót sem hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækjanna og að þar að lútandi kröfur séu í samræmi við kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 <sup>(3)</sup>.
- 6) Til að taka tillit til viðhaldsfyrirtækja með samþykki skv. 145. hluta, sem eru einnig með samþykki skv. CAMO-hluta, þykir rétt að samræma almenn ákvæði, sem og kröfur til lögbærra yfirvalda, sem eru sett fram í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 við þau sem eru sett fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) við þá reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

- 7) Gera skal ráð fyrir viðeigandi umbreytingartímabili til að gera viðhaldsfyrirtækjum kleift að fara að nýju reglunum og verklagsreglunum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.
- 8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011<sup>(4)</sup> inniheldur ekki ákvæði um útgáfu skirteina fyrir flugvélstjóra. Því ætti að breyta 3. og 4. lið j-liðar 145.A.30 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að fella brott tilvísun í skirteini flugvélstjóra. Hins vegar ættu fyrirliggjandi takmarkaðar vottunarheimildir vegna viðhalds, sem eru gefnar út til slíkra flugvélstjóra á grundvelli þessara ákvæða, ættu þó að gilda áfram þar til þær renna út eða eru afturkallaðar. Því ætti að breyta 5. gr. til samræmis við það.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- 10) Í b-lið liðar M.A.403 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og VII. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð er að finna tilvísanir í ýmsa þætti í M.A.801. Þar sem lið M.A.801 hefur verið skipt út með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383<sup>(5)</sup>, ætti að breyta b-lið M.A.403 og VII. viðbæti til samræmis við það.
- 11) Lið M.A.904 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 til að rýmka gildissvið innflutningsákvæða þannig að þau taki til loftfara frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki. Sömu breytingu ætti einnig að gera í lið M.L.A.906 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, til að samræma gildissvið innflutningsákvæða í V. viðauka b (ML-hluta) við ákvæðin sem eru í I. viðauka (M-hluta). Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- 12) Í c-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er tilvísun til fyrirtækja með heimildir í B-flokki. Þar sem engin fyrirtæki með heimildir í B-flokki eru tilgreind í V. viðauka d (CAO-hluta) ætti að vera tilvísun í „viðhaldsfyrirtæki fyrir hreyfla“ í c-lið M.A.502. Því ætti að leiðrétta c-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flögryggisstofnunar Evrópu nr. 4/2020<sup>(6)</sup> skv. b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 4. gr.:

„7. Þrátt fyrir 1. og 2. lið d-liðar 145.B.350 í II. viðauka (145. hluta) er viðhaldsfyrirtæki með gilt samþykkisvottorð, sem gefið er út í samræmi við II. viðauka (145. hluta), heimilt, fram til 2. desember 2024, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum í II. viðauka, sem innleiddar voru með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1963 (\*).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt slík frávik til lykta í síðasta lagi 2. desember 2024 skal afnema samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

(\*) Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 18“.

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtið. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

(6) <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

2) Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 5. gr.:

„7. Takmarkaðar heimildir fyrir viðhaldsvotta, sem eru gefnar út til handhafa skírteina flugvélstjóra skv. 3. eða 4. lið j-liðar 145.A.30 eða II. viðauka (145. hluta) fyrir 2. desember 2022, skulu gilda áfram þangað til þær renna út eða viðhaldsfyrirtækið afturkallar þær.“

3) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæði I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. desember 2022.

Eftirfarandi ákvæði koma þó til framkvæmda frá og með 2. desember 2021:

- a) ákvæði 2. gr.,
- b) ákvæði 2. og 4. liðar í I. viðauka,
- c) ákvæði III. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnar IV. viðbætur í efnisyfirlitinu kemur eftirfarandi:

„IV. viðbætur — Flokka- og áritunarkerfi sem er notað fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)“.

- 2) Í stað b-liðar í M.A.403 kemur eftirfarandi:

„b) Einungis þeir viðhaldsvottar sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801 eða í F-kafla þessa viðauka eða II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða sá einstaklingur sem er með heimild skv. c-lið M.A.801 þessa viðauka getur ákvarðað, á grundvelli viðhaldsgagna sem um getur í M.A.401 þessa viðauka, hvort bilun í loftfari stofni flugöryggi í hættu og þar með ákvarðað hvaða lagfæringar skuli gera fyrir frekara flug og hvenær og hvaða lagfæringum megi slá á frest. Þetta á þó ekki við þegar flugmaðurinn eða viðhaldsvottarnir nota listann yfir lágmarksbúnað.“

- 3) Ákvæðum IV. viðbætur er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„IV. viðbætur

**Flokka- og áritunarkerfi sem notað er fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)“.**

- b) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Í töflunni í 12. lið er kveðið á um staðlað kerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta), að undanskildu því sem er tekið fram fyrir minnstu fyrirtækin í 11. lið. Veita ber fyrirtæki samþykki sem spannar allt frá einum flokki og áritun með takmörkunum til allra flokka og áritana með takmörkunum.

2. Auk þess sem fram kemur í töflunni, sem um getur í 12. lið, er samþykktu viðhaldsfyrirtæki skylt að tilgreina verksvið sitt í handbók viðhaldsfyrirtækisins.“

- c) Í stað 8.-12. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Markmiðið með þættinum um *takmarkanir* er að gefa lögbærum yfirvöldum svigrúm til að laga samþykkið að tilteknu fyrirtæki. Áritanir skulu aðeins tilgreindar á samþykkinu þegar þær eru takmarkaðar á viðeigandi hátt. Í töflunni, sem um getur í 12. lið, eru tilgreindar allar takmarkanir sem til greina koma. Þótt viðhald sé nefnt síðast í hverri flokksáritun er í lagi að leggja áherslu á viðhaldsverkefnið fremur en á loftfars- eða hreyfitegund eða framleiðanda, ef það hentar betur fyrir fyrirtækið (dæmi um þetta gæti verið ísetning og viðhald á rafeindakerfum loftfara). Ef minnst er á slíkt í þættinum um takmarkanir gefur það vísbendingu um að viðhaldsfyrirtækið sé samþykkt til að framkvæma viðhald til og með þeirri tilteknu gerð/verki.

9. Þegar vísað er til *raðar*, *tegundar* og *hóps* í þættinum um takmarkanir í flokki A og B merkir *röð* tiltekna tegundarröð, s.s. Cessna 150 eða Cessna 172 eða Beech 55-röðina eða Continental O-200-röðina o.s.frv.; *tegund* merkir tiltekna tegund eða gerð, s.s. Cessna 172RG-tegundina o.s.frv.; tilgreina má eins margar raðir eða tegundir og óskað er eftir; *hópur* merkir t.d. eins hreyfils Cessna-flugvél með strokkhreyfli eða Lycoming-strokkhreyfla án forþjöppu o.s.frv.

10. Ef notaður er *langur verkleyfislisti* sem kann að sæta tíðum breytingum skulu breytingarnar framkvæmdar í samræmi við málsmeðferð við óbeint samþykki sem um getur í c-lið M.A.604 og c-lið M.B.606.

11. Viðhaldsfyrirtæki þar sem einungis einn starfsmaður er ráðinn til starfa, bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, getur einungis fengið takmarkaða áritun samþykkt. Leyfilegt hámark er:

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A2: FLUGVÉLAR, AÐ HÁMARKI 5 700 KG	MEÐ STROKKHREYFLUM, AÐ HÁMARKI 5 700 KG
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A3: ÞYRLUR	MEÐ EINUM STROKKHREYFLI, AÐ HÁMARKI 3 175 KG
FLOKKUR: LOFTFÖR	ÁRITUN A4: LOFTFÖR ÖNNUR EN A1, A2 OG A3	ENGAR TAKMARKANIR
FLOKKUR: HREYFLAR	ÁRITUN B2: STROKKHREYFILL	MINNA EN 450 HESTÖFL
FLOKKUR: AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR	C1 TIL C22	SAMKVÆMT VERKLEÝFISLISTA
FLOKKUR: SÉRHÆFT	D1 PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR (NDT)	TILGREINA SKAL NÁNAR AÐFERÐIR VIÐ PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR

Taka ber fram að lögbæra yfirvaldið getur sett frekari takmarkanir, innan skilmála samþykkisins, á slíkt fyrirtæki sem ráðast af getu viðkomandi fyrirtækis.

12. Tafla

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD LD
LOFTFÖR	A2: Flugvélar að hámarki 5 700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni]  <i>Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin</i>  Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A3: Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhaldsverkefni]  <i>Dæmi: Robinson R44</i>	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A4: Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (svifflugur, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni]  Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)

HREYFLAR	B1: Hverfihreyfill	[Tilgreina skal röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: PT6A-röðin</i>
	B2: Strokkhreyfill	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]
	B3: Aukaafstöð	[Tilgreina skal framleiðanda, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULL- GERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFL- STÖÐVAR	C1: Loftjöfnun og - þrýstingur	[Tilgreina skal tegund loftfars eða framleiðanda loftfars, framleiðanda íhlutar eða tiltekinn íhlut og/eða millivísa í verkleyfislista í starfsemislýsingunni og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: PT6A-eldsneytisstyring</i>
	C2: Sjálfstyring	
	C3: Fjarskipti og leiðsaga	
	C4: Hurðir — lúgur	
	C5: Rafáfl og ljós	
	C6: Búnaður	
	C7: Hreyfill — aukaafstöð	
	C8: Stýrakerfi	
	C9: Eldsneyti	
	C10: Þyrla — þyrlar	
	C11: Þyrla — drif	
	C12: Vökvaafli	
	C13: Vísí- og skráningarbúnaður	
	C14: Lendingarbúnaður	
	C15: Súrefni	
	C16: Loftskrúfur	
	C17: Loftþrýstikerfi/sogkerfi	
	C18: Vörn gegn ísingu, regni og eldi	
	C19: Gluggar	
	C20: Burðarvirki	
	C21: Vatnskjölfesta	
	C22: Knýaukning	

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA	D1: Prófun án eyðileggingar	[Tilgreina skal tiltekna aðferð eða aðferðir við prófun án eyðileggingar]
(*) Strika skal út það sem á ekki við.“		

d) Liður 13 fellur brott.

4) Í stað inngangsorðanna í VII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í b-lið M.A.801:“

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt sem hér segir:

1. Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

145.1 Lögbært yfirvald

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR OG KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

145.A.10 Gildissvið

145.A.15 Umsókn um fyrirtækjavottorð

145.A.20 Skilmálar samþykkis og verksvið

145.A.25 Kröfur um aðstöðu

145.A.30 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

145.A.35 Viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn

145.A.37 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

145.A.40 Búnaður og verkfæri

145.A.42 Íhlutir

145.A.45 Viðhaldsgögn

145.A.47 Framkvæmdaáætlun

145.A.48 Framkvæmd viðhalds

145.A.50 Viðhaldsvottun

145.A.55 Skráahald

145.A.60 Tilkynning atvika

145.A.65 Verklagsreglur um viðhald

145.A.70 Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis (MOE)

145.A.75 Réttindi fyrirtækisins

145.A.85 Breytingar á fyrirtækinu

145.A.90 Áframhaldandi gildi

145.A.95 Frávik

145.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

145.A.140 Aðgangur

145.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

145.A.200 Stjórnunarkerfi

145.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar

145.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar

B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

145.B.005 Gildissvið

145.B.115 Eftirlitsgögn

145.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

145.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

145.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli



- 145.B.200 Stjórnunarkerfi
- 145.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila
- 145.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu
- 145.B.220 Skráahald
- 145.B.300 Meginreglur um eftirlit
- 145.B.305 Eftirlitsáætlun
- 145.B.310 Upphafsfæri vegna vottunar
- 145.B.330 Breytingar – fyrirtæki
- 145.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta; athugasemdir
- 145.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun
- I. viðbætur – Opinbert viðhaldsvottorð — EASA-eyðublað nr. 1
- II. viðbætur – Flokka- og áritunarkerfi fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta
- III. viðbætur – Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 3-145
- IV. viðbætur – Skilyrði fyrir að nota starfsfólk sem ekki er með starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) sem vísað er til í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30<sup>o</sup>.

2. Í stað liðar 145.1 kemur eftirfarandi:

„145.1 **Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera:

1. þegar um er að ræða fyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar sínar á yfirráðasvæði sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 („Chicago-samningurinn“), það yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir, eða sem annað aðildarríki tilnefnir í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, eða Flugöryggisstofnunin ef ábyrgðin hefur verið flutt til stofnunarinnar í samræmi við 64. eða 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, eða
2. þegar um er að ræða fyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar sínar utan yfirráðasvæðis sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, Flugöryggisstofnunin.“

3. Í stað fyrirsagnarinnar í A-þætti kemur eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

**TÆKNILEGAR KRÖFUR OG KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA“.**

4. Í stað liðar 145.A.10 kemur eftirfarandi:

„145.A.10 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að fá útgefið samþykkisvottorð eða framlengingu á því vegna viðhalds á loftförum og íhlutum þeirra.“

5. Í stað liðar 145.A.15 kemur eftirfarandi:

„145.A.15 **Umsókn um fyrirtækjavottorð**

- a) Umsókn um vottorð eða breytingu á fyrirliggjandi vottorði í samræmi við þennan viðauka skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka (M-hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og þessum viðauka.
- b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn samkvæmt þessum viðauka skulu umsækjendur leggja eftirfarandi fram til lögbæra yfirvaldsins:
  1. niðurstöður úr undirbúningsúttekt sem fyrirtækið annast samkvæmt viðeigandi kröfum, sem kveðið er á um í I. viðauka (M-hluta), V viðauka b og þessum viðauka,
  2. skjöl sem sýna fram á hvernig þeir munu uppfylla kröfurnar sem komið er á með þessari reglugerð.“

6. Í stað liðar 145.A.20 kemur eftirfarandi:

„145.A.20 **Skilmálar samþykkis og verksvið**

- a) Verksvið fyrirtækisins skal tilgreint í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis í samræmi við 145.A.70.
- b) Fyrirtækið skal fara að skilmálum samþykkis, sem fylgja fyrirtækjavottorðinu sem lögbæra yfirvaldið gefur út, sem og verksviðinu sem tilgreint er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.“

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.30:

- a) Í stað a-, b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna og framkvæma allar viðhaldsaðgerðir fyrirtækisins í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar. Ábyrgðarmaðurinn skal:

1. sjá til þess að öll nauðsynleg hjálpargögn séu fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma viðhald í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, til að styðja við fyrirtækjavottorðið,

2. koma á og kynna öryggisstefnuna sem tilgreind er í 2. lið a-liðar 145.A.200,
  3. sýna fram á grundvallarskilning á þessari reglugerð.
- b) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem eru fulltrúar fyrir stjórnunarfyrirkomulagið að því er varðar viðhaldsaðgerðirnar og sem bera ábyrgð á að fyrirtækið starfi í samræmi við starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis og samþykktar verklagsreglur. Í verklagsreglum skal koma skýrt fram hverjir eru varamenn tiltekinna einstaklinga ef þeir einstaklingar eru fjarverandi í langan tíma.
- c) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á umsjón með hlítivöktun sem hluta af stjórnunarkerfinu.“
- b) Eftirfarandi ca-, cb- og cc-liðum er bætt við:
- „ca) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á umsjón með þróun, stjórnun og viðhaldi skilvirkra öryggisstjórnunferla sem hluta af stjórnunarkerfinu.
- cb) Sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem eru tilnefndir í samræmi við b-, c- og ca-lið skulu bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum og hafa beinan aðgang að honum/henni til að viðkomandi sé nægilega vel upplýstur um mál er varða hlítni við kröfur og öryggi.
- cc) Einstaklingurinn eða einstaklingarnir, sem eru tilnefndir í samræmi við b-, c- og ca-lið, skulu geta sýnt fram á viðeigandi þekkingu, viðeigandi bakgrunn og fullnægjandi reynslu í tengslum við viðhald loftfara eða íhluta og hagnýta þekkingu á þessari reglugerð.“
- c) Í stað d- og e-liðar kemur eftirfarandi:
- „d) Í fyrirtækinu skal vera til vinnustundaáætlun fyrir viðhald svo tryggja megi að það hafi nægilegan fjölda starfsfólks með viðeigandi réttindi til að skipuleggja, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfsemi fyrirtækisins í samræmi við skilmála samþykkisins. Að auki er fyrirtækinu skylt að setja verklagsreglur um endurmat á verki sem fyrirhugað er að vinna þegar færri starfsfólk er tiltækt en gert er ráð fyrir á tiltekinni vakt eða tímabili.
- e) Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, staðfestingu á lofthæfi, öryggisstjórnun og hlítivöktun í samræmi við verklagsreglur og staðla sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á. Auk nauðsynlegrar sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu verður hæfni starfsfólksins að fela í sér skilning á beitingu meginreglna fyrir öryggisstjórnun, þ.m.t. mannþáttafræði og mannlegrar getu, að því er varðar starf og ábyrgð viðkomandi starfsmanns hjá fyrirtækinu.“
- d) Ákvæðum j-liðar er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:
- „j) Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar, í tengslum við þá skyldu að uppfylla kröfurnar í III. viðauka (66. hluta), er fyrirtækinu heimilt að nota viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn sem hlotið hafa starfsréttindi í samræmi við eftirfarandi ákvæði:“.
- b) Í stað 1.–4. liðar kemur eftirfarandi:
- „1. Þegar aðalviðhald fer fram á stað utan yfirráðasvæðis sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum geta viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn hlotið réttindi samkvæmt landsbundnum flugreglugerðum í ríkinu þar sem aðstaða fyrirtækisins, sem annast aðalviðhaldið, er staðsett, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan viðauka.
2. Þegar leiðarviðhald fer fram á leiðarstöð sem er staðsett utan yfirráðasvæðis sem aðildarríki ber ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum geta viðhaldsvottar, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í IV. viðbæti við þennan viðauka, hlotið réttindi í samræmi við eftirfarandi önnur skilyrði:
- landsbundnar flugreglugerðir í ríkinu þar sem leiðarstöðin er staðsett,
  - landsbundnar flugreglugerðir í ríkinu þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar.

3. Ef um er að ræða endurtekin lofthæfifyrirmæli, sem framkvæma á fyrir hvert flug og sem kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugmanninum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er. Í því tilviki skal fyrirtækið tryggja að flugmaðurinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að tryggja að hann geti framkvæmt lofthæfifyrirmælin.
  4. Ef loftfar er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu getur fyrirtækið gefið út takmarkaða vottunarheimild til handa flugmanninum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið sé þess fullvisst að flugmaðurinn hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt tilgreint verkefni.“
- e) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:
- „k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) skal það hafa viðhaldsvotta, sem eru með réttindi og heimildir í samræmi við 145.A.37.“
8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.35:
- a) Í stað d-, e- og f-liðar kemur eftirfarandi:
- „d) Fyrirtækið skal sjá til þess að allir viðhaldsvottar og faglegir ábyrgðarmenn fái næga reglubundna þjálfun á hverju tveggja ára tímabili til að tryggja að þeir búi yfir nýjustu þekkingu á viðkomandi tækni, verklagsreglum og öryggisstjórnun, þ.m.t. málefnum sem varða mannþáttafræði.
- e) Fyrirtækið skal setja saman áætlun um reglubundna þjálfun fyrir viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn, þ.m.t. verklagsreglu til að tryggja hlítni við viðkomandi ákvæði þessa liðar og verklagsreglu til að tryggja hlítni við ákvæði III. viðauka (66. hluta).
- f) Ef frá eru talin ófyrirsjáanleg tilvik skv. 5. lið j-liðar 145.A.30 skal fyrirtækið meta alla viðhaldsvotta með tilliti til hæfni þeirra, réttinda og getu til að inna af hendi fyrirhuguð vottunarskörf í samræmi við verklagsreglu, sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, áður en þetta starfsfólk fær útgefna eða endurútgefna vottunarheimild samkvæmt þessum viðauka.“
- b) Í stað i- til n-liðar kemur eftirfarandi:
- „i) Sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem um getur í c-lið 145.A.30, sem bera ábyrgð á hlítnivöktun, bera einnig áfram ábyrgð á útgáfu vottunarheimilda til viðhaldsvotta. Það starfsfólk getur tilnefnt aðra einstaklinga til að gefa út eða afturkalla vottunarheimildir í samræmi við verklagsreglu, sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.
- j) Fyrirtækið skal láta viðhaldsvottum í té afrit af vottunarheimild sinni, annaðhvort á pappír eða á rafrænu formi.
- k) Viðhaldsvottar skulu framvísa vottunarheimild sinni hjá viðurkenndum einstaklingi innan 24 stunda.
- l) Lágmarksaldur viðhaldsvotta og faglegra ábyrgðarmanna er 21 ár.
- m) Handhafa skírteinis flugvéltækni í flokki A er einungis heimilt að neyta vottunarréttinda fyrir tiltekna tegund loftfars að lokinni viðeigandi verkefnaþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki A á viðkomandi loftfari sem fyrirtæki með viðeigandi samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða IV. viðauka (147. hluta) framkvæmir. Þessi þjálfun skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun hafi verið lokið með fullnægjandi árangri með prófi eða mati, sem fram fer á vinnustað og fyrirtækið framkvæmir.

- n) Handhafa skirteinis flugvéltækni í flokki B2 er einungis heimilt að neyta vottunarréttindanna sem lýst er í ii. lið 3. liðar í a-lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) þegar hann hefur lokið eftirfarandi með fullnægjandi árangri:
- i. viðeigandi verkefnaþjálfun í flokki A fyrir viðkomandi loftför og
  - ii. skjalfestri 6 mánaða verklegri reynslu sem nær yfir gildissvið heimildarinnar sem verður veitt.

Verkefnaþjálfunin skal fela í sér verklegt og fræðilegt nám eftir því sem á við um hvert verkefni sem veitt er heimild fyrir. Sýna skal fram á að þjálfun hafi verið lokið á fullnægjandi hátt með prófun eða mati sem fer fram á vinnustað. Viðhaldsfyrirtækið, sem gefur út heimild viðhaldsvotta, skal sjá um verkefnaþjálfun og próf/mat. Verklega reynslan skal einnig fengin hjá slíku viðhaldsfyrirtæki.“

- c) Ákvæði o-liðar falla brott.

9. Liður 145.A.36 fellur brott.

10. Eftirfarandi liður 145.A.37 bætist við:

„145.A.37 **Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**

- a) Til þess að fyrirtæki geti hlotið samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi loft-hæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML-hluta), skal fyrirtækið hafa á að skipa starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:
- 1) það hefur öðlast a.m.k. eins árs reynslu af áframhaldandi lofthæfi að því er varðar svifflugur og loftbelgi og a.m.k. þriggja ára reynslu að því er varðar öll önnur loftför,
  - 2) það hefur undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,
  - 3) það hefur öðlast þekkingu á C-kafla I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),
  - 4) það hefur öðlast þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs.
- b) Áður en fyrirtækið gefur út heimild til handa umsækjanda til að annast staðfestingu á lofthæfi skal viðkomandi framkvæma staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti aðila sem hefur þegar fengið heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi hjá fyrirtækinu. Ef niðurstaða þessarar staðfestingar á lofthæfi undir eftirliti er fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið formlega samþykkja þennan aðila sem starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi.
- c) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu á sviði áframhaldandi lofthæfis.“

11. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.45:

- a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn sem eru nauðsynleg við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Með hugtakinu „viðeigandi“ er átt við það sem er viðeigandi fyrir loftfar, íhlut eða vinnuferli sem er tilgreint í skilmálum samþykkis fyrirtækisins og í tilheyrandi verkleyfislista.

Ef um er að ræða viðhaldsgögn sem aðili eða fyrirtæki, sem óskar eftir viðhaldinu, lætur í té, skal fyrirtækið hafa þau gögn í vörslu sinni meðan vinna fer fram nema fara þurfi að ákvæðum 3. liðar a-liðar 145.A.55.“

- b) Í stað c-, d- og e-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Fyrirtækið skal koma á verklagsreglum til að tryggja að það sé skráð, sem hluti af innra kerfinu fyrir öryggis-tilkynningar sem um getur í lið 145.A.202, og tilkynnt höfundi viðhaldsgagnanna, sem starfsfólk í viðhaldi notar, ef í þeim finnast rangar, ófullkomnar eða tvíræðar verklagsreglur, starfsvenjur, upplýsingar eða viðhaldsleiðbeiningar.

- d) Fyrirtækið má aðeins breyta viðhaldsleiðbeiningum í samræmi við verklagsreglu sem tilgreind er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis. Fyrirtækið skal sýna fram á að breytingar á viðhaldsleiðbeiningum leiði til jafn góðra eða betri viðhaldsstaðla og skal tilkynna höfundi viðhaldsleiðbeininganna um slíkar breytingar. Í þessum lið er með „viðhaldsleiðbeiningum“ átt við leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma tiltekið viðhaldsverkefni; leiðbeiningarnar taka ekki til verkfræðilegrar skipulagningar viðgerða og breytinga.
- e) Fyrirtækið skal koma á almennu kerfi vinnukorta eða vinnublaða sem nota skal í öllum viðeigandi deildum fyrirtækisins. Að auki skal fyrirtækið annaðhvort yfirfæra nákvæmlega viðhaldsgögnin, sem um getur í b- og d-lið, á slík vinnukort eða vinnublöð eða vísa nákvæmlega til tiltekins viðhaldsverkefnis eða -verkefna sem skráð eru í viðhaldsgögnunum. Vinnukort eða vinnublöð geta verið tölvugerð og færð í rafrænan gagnagrunn, sem er nægilega varinn gegn óleyfilegum breytingum og sem taka þarf öryggisafrit af innan 24 klst. frá því fært var inn í móðurstöð rafræna gagnagrunnsins. Flókin eða löng viðhaldsverkefni skulu yfirfærð á vinnukort eða vinnublöð og skipt niður í skýra verkáfanga til að tryggja skrásetningu á því að viðhaldsverkefnið í heild sinni hafi verið unnið.

Ef fyrirtækið annast viðhaldsþjónustu fyrir flugrekanda, sem gerir kröfur um að hans eigið vinnukorta- eða vinnublaðakerfi sé notað, er heimilt að nota það kerfi. Í þeim tilvikum skal fyrirtækið setja verklagsreglur sem tryggja að vinnukortin eða vinnublöðin séu rétt fyllt út.“

12. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.47:

- a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Við skipulagningu viðhaldsverkefna og vakta skal, sem hluta af stjórnunarkerfinu, taka mið af takmörkum mannglegrar getu, þ.m.t. hættu á þreytu meðal starfsfólks sem vinnur við viðhald.“

- b) Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Fyrirtækið skal tryggja að stjórnunarkerfi þess taki mið af hættu í tengslum við flugöryggi sem tengist utanaðkomandi vinnuhópum sem sinnir viðhaldi í aðstöðu fyrirtækisins.“

13. Í stað liðar 145.A.48 kemur eftirfarandi:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**

- a) Fyrirtækið má aðeins annast viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, þegar það hefur nauðsynlega aðstöðu, búnað, verkfæri, efnivið, viðhaldsgögn og starfsfólk til taks.
- b) Fyrirtækið ber ábyrgð á því viðhaldi sem fer fram innan gildissviðs samþykkis þess.
- c) Fyrirtækið skal tryggja eftirfarandi:
- 1) að við lok viðhalds fari fram almennt eftirlit til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,
  - 2) að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd hvers brýns viðhaldsverkefnis,
  - 3) að dregið verði úr hættu á mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,
  - 4) að stuðst sé við gögnin, sem tilgreind eru í M.A.304 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.304 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar,
  - 5) að mat á bilunum í loftfari fari fram í samræmi við b-lið M.A.403 í I. viðauka (M-hluta) eða b-lið ML.A.403 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

14. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.50:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Viðhaldsvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins þegar þeir hafa gengið úr skugga um að fyrirtækið hafi framkvæmt allt viðhald, sem beðið hefur verið um, í samræmi við verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í lið 145.A.70, með hliðsjón af aðgengi að og notkun viðhaldsgagnanna, sem tilgreind eru í lið 145.A.45, og að ekki sé vitað um neinar vanefndir gagnvart kröfum sem gætu stofnað flugöryggi í hættu.“

b) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Vekja skal athygli aðilans eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfara, á nýjum bilunum eða ófullkomnum viðhaldsverkbeiðnum, sem uppvíst verður um við viðhald, í þeim sérstaka tilgangi að komast að samkomulagi um að lagfæra bilanirnar eða gera þeim þáttum skil sem vantar í viðhaldsverkbeiðnina. Neiti þessi aðili eða fyrirtæki að láta slíkt viðhald fara fram samkvæmt þessum lið gilda ákvæði e-liðar.

d) Viðhaldsvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út viðhaldsvottorð fyrir hönd fyrirtækisins eftir að viðhald, sem beðið hefur verið um, hefur verið framkvæmt á íhlut á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbera viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Þegar fyrirtæki viðheldur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, ef kveðið er á um það í innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu viðhaldsvottorða, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.“

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) Þegar loftfar er kyrrsett á stað sem ekki er aðalleiðarstöð eða aðalviðhaldsstöð sökum þess að ekki er fánlegur íhlutur með viðeigandi viðhaldsvottorð má fyrirtækið, sem samið hefur verið við um viðhald á loftfarinu, þrátt fyrir a-lið 145.A.50 og 145.A.42, setja til bráðabirgða upp íhlut, sem hefur ekki viðeigandi viðhaldsvottorð, til notkunar í allt að 30 klst. eða þar til loftfarið kemur í fyrsta sinn aftur til aðalleiðarstöðvarinnar eða aðalviðhaldsstöðvarinnar, hvort heldur gerist fyrr, að því tilskildu að samþykki aðilans eða fyrirtækisins, sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, hafi fengist og að áður nefndur íhlutur hafi viðunandi viðhaldsvottorð og uppfylli að öðru leyti allar viðeigandi viðhalds- og rekstrarkröfur. Það ber að skipta um slíka íhluti innan þeirra tímamarka sem eru tiltekin í fyrstu setningu þessa liðar nema viðeigandi viðhaldsvottorð hafi fengist áður skv. a-lið 145.A.50 og 145.A.42.“

15. Í stað liðar 145.A.55 kemur eftirfarandi:

„145.A.55 **Skráahald**

a) Viðhaldsskrár

1) Fyrirtækið skal skrá upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru innan gildissviðs samþykkis þess. Fyrirtækið skal a.m.k. varðveita allar skrár sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. hugsanleg viðhaldsskjöl undirverktaka.

2) Fyrirtækið skal láta flugrekanda eða viðskiptavini í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og eru nauðsynlegar til að sýna fram á hlítini við kröfur M.A.305 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

3) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám (þ.m.t. viðhaldsvottorðum) og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við.

- 4) Ef fyrirtæki hættir rekstri skal það senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta viðskiptavinar eða eiganda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.
- b) Skrár yfir staðfestingu á lofthæfi
- 1) Ef fyrirtæki hefur þau réttindi sem um getur í f-lið 145.A.75 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur gefið út, ásamt öllum fylgiskjölum, og gera þessar skrár tiltækar eiganda loftfarsins, samkvæmt beiðni.
  - 2) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum skráum sem um getur í 1. lið í þrjú ár frá útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðsins.
  - 3) Ef fyrirtæki hættir rekstri skal senda allar skrár yfir staðfestingu á lofthæfi síðustu þriggja ára, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.
- c) Skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, verktakasamningum og undirverktakasamningum
- Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar í að lágmarki fimm ár:
- i. skrár yfir lykilferli í stjórnunarkerfinu sem um getur í lið 145.A.200,
  - ii. samningar, bæði verktakasamningar og undirverktakasamningar sem um getur í lið 145.A.205.
- d) Skrá varðandi starfsfólk
- 1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu varðveittar:
    - i. skrár yfir réttindi, þjálfun og reynslu starfsfólksins sem kemur að viðhaldi, hlítnivöktun og öryggisstjórnun,
    - ii. skrár yfir réttindi, þjálfun og reynslu alls starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi.
  - 2) Skrárnar yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, skulu innihalda upplýsingar um öll viðeigandi réttindi, ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á sviði áframhaldandi lofthæfis, og afrit af heimildinni til að annast staðfestingu á lofthæfi sem fyrirtækið gefur út til handa þessu starfsfólki.
  - 3) Skrárnar yfir alla viðhaldsvotta og faglega ábyrgðarmenn skulu innihalda eftirfarandi:
    - i. nákvæmar upplýsingar um skírteini flugvéltæknis skv. III. viðauka (66. hluta) sem viðkomandi hefur, eða jafngildi þess,
    - ii. gildissvið vottunarheimilda sem voru gefnar út til handa þessu starfsfólki, eftir því sem við á,
    - iii. upplýsingar um starfsfólk með takmarkaða eða staka vottunarheimild, sem um getur í j-lið 145.A.30.
  - 4) Skrár varðandi starfsfólk skulu geymdar þann tíma sem viðkomandi vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að viðkomandi hefur hætt störfum þar, eða eftir að heimild, sem var gefin út til viðkomandi, hefur verið afturkölluð.
  - 5) Ef óskað er eftir því skal fyrirtækið veita starfsfólkinu, sem um getur í 2. og 3. lið, aðgang að starfsmannagögnum sínum, eins og tilgreint er í þessum liðum Ef óskað er eftir því skal viðhaldsfyrirtækið einnig fá hverju þeirra afrit af starfsmannagögnum sínum þegar það hættir störfum hjá fyrirtækinu.
- e) Fyrirtækið skal koma á skráningarkerfi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar alla hluta starfseminnar.
- f) Snið skráa skal tilgreint í verklagsreglum fyrirtækisins.
- g) Geyma skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.“



16. Í stað liðar 145.A.60 kemur eftirfarandi:

„145.A.60 **Tilkynning atvika**

- a) Fyrirtækið skal koma á og viðhalda tilkynningarkerfi um atvik, þ.m.t. skyldubundnar og valfrjálsar tilkynningar, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu. Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki má koma á fót einu kerfi til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerða hennar auk reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- b) Fyrirtækið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu og handafa hönnunarsamþykkis loftfarsins eða íhlutarins, um alla öryggistengda atburði eða aðstæður varðandi loftfar eða íhlut, sem fyrirtækið verður áskynja um og sem stofna, eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu, einkum slys eða alvarlegt flugatvik.
- c) Fyrirtækið skal einnig tilkynna um alla atburði eða aðstæður sem hafa áhrif á loftfar til aðilans eða fyrirtækisins sem ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins í samræmi við M.A.201 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Að því er varðar atburði eða aðstæður sem hafa áhrif á íhluti loftfars skal fyrirtækið tilkynna það þeim aðila eða fyrirtæki sem óskaði eftir viðhaldinu.
- d) Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa ekki höfuðstöðvar sínar í aðildarríki:
  - 1) skulu fyrstu skyldubundnu tilkynningarnar:
    - i. tryggja að trúnaður hvíli yfir nafni þess sem tilkynnir og einstaklinganna, sem nefndir eru í tilkynningunni, með viðeigandi hætti,
    - ii. sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður vart við atvikið nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,
    - iii. sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar,
    - iv. hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um,
  - 2) þar sem við á, skal fyrirtækið senda inn skýrslu til eftirfylgni sem inniheldur upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni og um leið og þær aðgerðir liggja fyrir skulu þessar skýrslur til eftirfylgni:
    - i. sendar þeim aðilum, sem um getur í b- og c-lið, sem fengu frumskýrsluna senda,
    - ii. sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.“

17. Í stað liðar 145.A.65 kemur eftirfarandi:

„145.A.65 **Verklagsreglur um viðhald**

- a) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur sem tryggja að höfð sé hliðsjón af mannþáttafræði og góðum viðhaldsvenjum meðan á viðhaldi stendur, þ.m.t. í tengslum við starfsemi undirverttaka, og sem uppfylla gildandi kröfur þessa viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta). Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja slíkar verklagsreglur.
- b) Verklagsreglurnar um viðhald, sem komið var á samkvæmt þessum lið, skulu:
  - 1) tryggja að skýr verkbeiðni eða verksamningur um viðhald liggja fyrir milli fyrirtækisins og aðilans eða fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram þannig að unnt sé að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið og íhlutina í samræmi við lið 145.A.50,
  - 2) taka til allra þátta, sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og mæla fyrir um staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.“

18. Í stað liðar 145.A.70 kemur eftirfarandi:

„145.A.70 **Starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækis (MOE)**

- a) Fyrirtækið skal koma á og viðhalda starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis sem inniheldur, annaðhvort beint eða með tilvísun, alla eftirfarandi þætti:
- 1) yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykktu starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal framkvæmdastjórinn einnig undirrita yfirlýsinguna,
  - 2) öryggisstefnu fyrirtækisins og tengd öryggismarkmið sem um getur í 2. lið a-liðar 145.A.200,
  - 3) starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem tilnefndir eru skv. b-, c- og ca-lið 145.A.30,
  - 4) skyldur og ábyrgð einstaklinganna sem tilnefndir eru skv. b-, c- og ca-lið 145.A.30, þ.m.t. málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til lögbæra yfirvaldsins fyrir hönd fyrirtækisins,
  - 5) skipurit sem sýnir ábyrgðarskyldu og tilheyrandi ábyrgðarsvið, sem komið er á í samræmi við 1. lið a-liðar 145.A.200, milli allra þeirra einstaklinga sem um getur í b-, c- og ca-lið 145.A.30,
  - 6) skrá yfir viðhaldsvotta og, ef við á, faglega ábyrgðarmenn og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði heimildar þeirra,
  - 7) almenna lýsingu á þeim mannafla og því kerfi sem er til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu, eins og krafist er í d-lið 145.A.30,
  - 8) almenna lýsingu á aðstöðunni á hverri samþyktri staðsetningu,
  - 9) ítarlega útlistun á verksviði fyrirtækisins sem skilmálar samþykkisins taka til, eins og krafist er í 145.A.20,
  - 10) verklagsregluna til að ákvarða umfang breytinga sem þarfnast ekki fyrirframsamþykkis og þar sem því er lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og krafist er í c-lið 145.A.85,
  - 11) verklagsregluna til að breyta starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis,
  - 12) verklagsreglurnar þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir hlítu við ákvæði þessa viðauka,
  - 13) skrá yfir flugrekendur, sem stunda starfrækslu í ábataskyni, sem fyrirtækið sér um reglulegt viðhald loftfara fyrir, og tilheyrandi verklagsreglur,
  - 14) eftir atvikum, skrá yfir undirverktakafyrirtæki, sem um getur í b-lið 145.A.75,
  - 15) skrá yfir samþykktar staðsetningar, þ.m.t. eftir atvikum staðsetningar fyrir leiðarviðhald, sem um getur í d-lið 145.A.75,
  - 16) skrá yfir verktakafyrirtæki,
  - 17) skrá yfir núgildandi samþykktar aðferðir til að uppfylla kröfur sem fyrirtækið notar.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfuna af starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis. Henni skal breytt eins og nauðsyn krefur svo hún verði áfram uppfærð lýsing á fyrirtækinu.
- c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis í samræmi við verklagsregluna sem um getur í 10. og 11. lið a-liðar. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið verklagsreglunnar sem um getur í 10. liðar a-liðar, sem og breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í a-lið 145.A.85.“

19. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.75:

- a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt starfsemislýsingunni er fyrirtækinu heimilt að vinna eftirfarandi verkefni: “.

b) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

- „a) að annast viðhald á sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem auðkenndir eru í vottorðinu og í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis,
- b) að láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hjá öðru undirverktakafyrirtæki sem vinnur eftir gæðakerfi fyrirtækisins; þetta er takmarkað við vinnu sem er leyfileg samkvæmt verklagsreglum í 145.A.65 og nær ekki yfir aðalviðhaldsskoðun loftfars eða heildarviðhaldsskoðun á verkstæði né grannskoðun hreyfils eða hreyfilhluta,“.

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

- „f) ef það hefur hlotið sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir loftfar, sem fellur undir V. viðauka b (ML-hluta), er því heimilt að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingavottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta).“

20. Liður 145.A.80 fellur brott.

21. Í stað liðar 145.A.85 kemur eftirfarandi:

„145.A.85 **Breytingar á fyrirtækinu**

a) Eftirfarandi breytingar á fyrirtækinu krefjast fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds:

- 1) breytingar á vottorðinu, þ.m.t. skilmálum samþykkis fyrirtækisins,
- 2) breytingar að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-, b-, c- og ca-lið 145.A.30,
- 3) breytingar á boðleiðum milli starfsfólksins, sem tilnefnt er í samræmi við b-, c- og ca-lið 145.A.30, og ábyrgðarmanns,
- 4) verklagsreglur að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, eins og um getur í c-lið,
- 5) önnur aðsetur fyrirtækisins en þau sem falla undir c-lið 145.A.75.

b) Fyrir þær breytingar sem um getur í a-lið og allar aðrar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við þennan viðauka, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa viðauka og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 145.B.330.

Fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í verklaginu sem lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við h-lið 145.B.310. “.

22. Í stað liðar 145.A.90 kemur eftirfarandi:

„145.A.90 **Áframhaldandi gildi**

a) Vottorð fyrirtækisins skal áfram vera í gildi með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- 1) að fyrirtækið fullnægi áfram kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, að teknu tilliti til ákvæða 145.B.350 í þessum viðauka í tengslum við meðhöndlun frávíka,

- 2) að lögbæra yfirvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtækinu eins og tilgreint er í 145.A.140,
- 3) að vottorðið hafi ekki verið lagt inn af fyrirtækinu eða ógilt tímabundið eða afturkallað af lögbæra yfirvaldinu skv. 145.B.355.

b) Þegar vottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.“

23. Í stað liðar 145.A.95 kemur eftirfarandi:

„145.A.95 **Frávik og athugasemdir**

a) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt 145.B.350 skal fyrirtækið:

- 1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,
- 2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,
- 3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.

b) Aðgerðirnar, sem um getur í a-lið, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem samið var um við lögbæra yfirvaldið í samræmi við 145.B.350.“

c) Fyrirtækið skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemdanna sem tekið var á móti í samræmi við f-lið 145.B.350. Fyrirtækið skal skrá ákvarðanir sem eru teknar vegna þessara athugasemda.“

24. Eftirfarandi liður 145.A.120 bætist við:

„145.A.120 **Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Fyrirtæki má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Ef fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins.“

25. Eftirfarandi liður 145.A.140 bætist við:

„145.A.140 **Aðgangur**

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar skal fyrirtækið ávallt tryggja aðgang að allri aðstöðu, loftföllum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, óháð því hvort hún hefur verið falin undirverk-taka, sé veittur öllum aðilum sem hafa heimild einhvers eftirtalinna yfirvalda:

- a) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í 145.1,
- b) yfirvaldsins sem framkvæmir eftirlitsverkefnið í samræmi við d-lið 145.B.300.“

26. Eftirfarandi liður 145.A.155 bætist við:

„145.A.155 **Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

Fyrirtækið skal innleiða:

- a) allar öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við 145.B.135,
- b) allar viðeigandi skyldubundnar öryggisupplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út.“

27. Eftirfarandi liður 145.A.200 bætist við:

„145.A.200 **Stjórnunarkerfi**

- a) Fyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi atriði:
- 1) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og ábyrgðarsviðs í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á örygginu,
  - 2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis („öryggisstefnunni“) og tengdra öryggismarkmiða,
  - 3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,
  - 4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,
  - 5) gögn yfir öll lykilferli stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,
  - 6) ferli til að vakta hlítu fyrirtækisins við viðeigandi kröfur. Hlítivöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um frávik til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.
- b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.
- c) Ef fyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139, má samþætta stjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum.“

28. Eftirfarandi liður 145.A.202 bætist við:

„145.A.202 **Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar**

- a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið koma á innra kerfi fyrir öryggistilkynningar sem gerir kleift að safna upplýsingum um atvik sem tilkynna ber skv. 145.A.60 og meta þau.
- b) Kerfið skal einnig gera kleift að safna upplýsingum um mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur sem tilkynnt er um innanhúss en falla ekki undir a-lið, og meta þau.
- c) Fyrir tilstuðlan þessa kerfis skal fyrirtækið:
- 1) greina orsakir og áhrifaþætti mistaka, atvika þar sem liggur við slysi og hættu sem tilkynnt er um og meðhöndla þau sem hluta af stjórnun öryggisáhættu þeirra í samræmi við 3. lið a-liðar 145.A.200,
  - 2) tryggja mat á öllum þekktum upplýsingum sem skipta máli hvað varðar mistök, atvik þar sem liggur við slysi, hættur og vanhæfni til að fylgja verklagsreglum, og, eftir því sem nauðsynlegt er, aðferð til að dreifa upplýsingunum.
- d) Fyrirtækið skal gera ráðstafanir til að tryggja skráningu öryggisvandamála sem tengjast undirverktakastarfsemi.“

29. Eftirfarandi liður 145.A.205 bætist við:

„145.A.205 **Verktakasamningar og undirverktakasamningar**

- a) Þegar fyrirtækið gerir verktakasamning eða felur undirverktaka einhvern hluta starfsemi sinnar skal það tryggja:
- 1) að viðhaldið uppfylli viðeigandi kröfur,
  - 2) að hættur í tengslum við flugöryggi, sem tengjast slíkum verktaka- eða undirverktakasamningum, teljist hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækisins.
- b) Ef fyrirtækið gerir undirverktakasamning við annað fyrirtæki um einhvern hluta viðhaldsaðgerða sinna skal undirverktakafyrirtækið starfa samkvæmt gildissviði samþykkis undirverktakafyrirtækisins.“

30. Í stað B-þáttar kemur eftirfarandi:

„B-ÞÁTTUR

#### KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

##### 145.B.005 **Gildissvið**

Í þessum þætti eru sett skilyrði fyrir framkvæmd verkefna sem tengjast vottun, eftirliti og framfylgd sem og þær stjórnslu-kröfur og kröfur stjórnunarkerfisins sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd ákvæða A-þáttar, ber að uppfylla.

##### 145.B.115 **Eftirlitsgögn**

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

##### 145.B.120 **Aðferðir til að uppfylla kröfur**

- a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.
- b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við þessa reglugerð.
- c) Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Flugöryggisstofnunina um allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem notaðar eru af fyrirtækjum undir þeirra eftirliti eða þeim sjálfum til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

##### 145.B.125 **Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar**

- a) Lögbært yfirvald aðildarríkis skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, innan 30 daga frá því yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.
- b) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir hennar, skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, allar mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundna gagnagrunninum skv. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.

##### 145.B.135 **Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

- a) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.
- b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita viðkomandi yfirvaldi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.
- c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.
- d) Lögbært yfirvald skal tafarlaust tilkynna aðgerðir, sem gripið hefur verið til skv. c-lið, til allra einstaklinga eða fyrirtækja sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær aðgerðir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar aðgerðir krefjast sameiginlegs átaks.

**145.B.200 Stjórnunarkerfi**

- a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, sem inniheldur að lágmarki:
- 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og leiðum til að staðfesta samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar; verklagsreglur skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni þess,
  - 2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,
  - 3) starfsfólk sem hefur réttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutað og hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu, og fær grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni,
  - 4) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að starfsfólk geti sinnt úthlutaðum verkefnum,
  - 5) ferli til að vakta hlítu stjórnunarkerfisins við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun; hlítnivöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta,
  - 6) einstakling eða hóp einstaklinga, sem bera ábyrgð á hlítnivöktuninni gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.
- b) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.
- c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við öll önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. um:
- 1) öll frávik sem koma upp og allar eftirfylgnaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með aðilum og fyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni,
  - 2) upplýsingar sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í 145.A.60.
- d) Afrit af verklagsreglunum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun.

**145.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila**

- a) Lögbært yfirvald má úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með fyrirtækjum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, til hæfra aðila. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja að það hafi:
- 1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því hvort hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka í reglugerð (ESB) 2018/1139; þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfestar,
  - 2) komið á skriflegu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem mælt er fyrir um:
    - i. verkefni sem inna á af hendi,
    - ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,
    - iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,
    - iv. tilheyrandi bótaábyrgð,
    - v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

- b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að verklagið fyrir innri úttektir og verklagið fyrir stjórnun öryggisáhættu, sem komið er á fót skv. 5. lið a-liðar 145.B.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem hæfi aðilinn framkvæmir fyrir hönd þess.

#### 145.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

- a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta kerfi skal gera lögbæra yfirvaldinu kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd hennar.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um hvers konar breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

#### 145.B.220 Skráahald

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á skráningarkerfi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:
- 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,
  - 2) þjálfun, réttindi og heimildir starfsfólks þess,
  - 3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í 145.B.205, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,
  - 4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum, þ.m.t.:
    - i. umsókn um fyrirtækjavottorð,
    - ii. áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfellt eftirlit, þ.m.t. allar mats-, úttektar- og skoðunarskrár,
    - iii. fyrirtækjavottorðið með áorðnum breytingum,
    - iv. afrit af áætluninni um samfellt eftirlit þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,
    - v. afrit af öllum formlegum bréfaskiptum,
    - vi. tilmæli vegna útgáfu eða framlengingar á samþykki, upplýsingar um frávik og aðgerðir sem fyrirtækin hafa gripið til í því skyni að ráða bót á þessum frávikum, þ.m.t. dagsetninguna sem þau eru leidd til lykta, framfylgdaraðgerðir og athugasemdir,
    - vii. mats-, úttektar- og skoðunarskýrslur útgefnar af öðru lögbæru yfirvaldi skv. d-lið 145.B.300,
    - viii. afrit af öllum starfsemislýsingum (MOE) eða handbókum fyrirtækisins og breytingum á þeim,
    - ix. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt,
  - 5) skjöl sem styðja við notkun á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur,
  - 6) upplýsingar um öryggismál, sem eru lagðar fram í samræmi við 145.B.125, og ráðstafanir til eftirfylgni,
  - 7) notkun verndarráðstafana og ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 70. gr., 71. gr. (1. mgr.) og 76. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð sem það hefur gefur út.
- c) Geyma skal öll gögn, sem um getur í a- og b-lið, í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi persónuverndarlög.
- d) Allar skrár sem um getur í a- og b-lið skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni sé þess óskað.



**145.B.300 Meginreglur um eftirlit**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa:
- 1) hlítini við þær kröfur sem eiga við um fyrirtæki, áður en gefið er út fyrirtækjavottorð,
  - 2) áframhaldandi hlítini fyrirtækja, sem það hefur vottað, við viðeigandi kröfur,
  - 3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrir mæli um, í samræmi við c- og d-lið í 145.B.135.
- b) Þessi staðfesting skal:
- 1) studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á eftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
  - 2) veita hlutaðeigandi fyrirtækjum niðurstöður úr eftirlitinu,
  - 3) byggjast á mati, úttektum og skoðunum og, ef þörf er á, fyrirvaralausum skoðunum,
  - 4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 145.B.350.
- c) Lögbært yfirvald skal ákvarða umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til forgangsröðunar í öryggismálum.
- d) Ef fyrirtæki er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 145.1, samþykkt að eftirlitsverkefni séu í höndum lögbærs yfirvald eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem aðstaðan er staðsett eða Flugöryggisstofnunarinnar þegar um er að ræða aðstöðu sem staðsett er utan yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum. Öll fyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýst um tilvist þess og umfang.
- e) Hvað varðar eftirlitsstarfsemi sem fer fram í aðstöðu, sem staðsett er í öðru aðildarríki en því sem fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar, skal lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 145.1, upplýsa lögbært yfirvald í því aðildarríki áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á aðstöðunni.
- f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.

**145.B.305 Eftirlitsáætlun**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í 145.B.300.
- b) Í eftirlitsáætluninni skal tillit tekið til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunar- og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:
- 1) mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. eftir því sem við á:
    - i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,
    - ii. vöruúttektir á viðeigandi úrtaki af viðhaldi sem viðkomandi fyrirtæki framkvæmir,
    - iii. úrtakskönnun á staðfestingum á lofthæfi sem framkvæmdar hafa verið,
    - iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,
  - 2) fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.
- c) Eftirlitslotan skal ekki vera lengri en 24 mánuðir.
- d) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:
- 1) að fyrirtækið hafi sýnt fram á að það geti með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,

- 2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á hlítina við ákvæði liðar 145.A.85 og að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,
- 3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,
- 4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og kveðið er á um í 145.B.350.

Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotu aftur að hámarki í 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í 1.–4. lið d-liðar, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálf og lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þetta kerfi.

- e) Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.
- f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.
- g) Við lok hvernar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á samþykki.

#### 145.B.310 Upphafsfæri vegna vottunar

- a) Við móttöku umsóknar frá fyrirtæki um fyrstu útgáfu vottorðs skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið hlíti viðeigandi kröfum.
- b) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanni fyrirtækisins a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna fyrstu vottunar fer fram til að tryggja að viðkomandi skilji til fulls hlutverk sitt og ábyrgðarskyldu.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik sem hafa verið gefin út, aðgerðir til úrbóta og tilmæli vegna útgáfu vottorðsins.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við fyrirtækið öll frávik sem komu í ljós við sannpröfunina. Þegar um er að ræða fyrstu vottun þarf að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á að búið sé að ráða, með fullnægjandi hætti, bót á öllum frávikum, áður en hægt er að gefa út vottorðið.
- e) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissað sig um að fyrirtækið hlíti viðeigandi kröfum skal það:
  - 1) gefa út vottorðið sem um getur í III. viðbæti, „EASA-eyðublað nr. 3-145“, í samræmi við flokka- og áritunarkerfið sem kveðið er á um í II. viðbæti,
  - 2) formlega samþykkja viðkomandi starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.
- f) Tilvísunarnúmer vottorðsins skal koma fram á EASA-eyðublaði nr. 3-145 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.
- g) Starfsleyfið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, þ.m.t. allar takmarkanir eftir því sem við á, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu.
- h) Til að gera fyrirtækinu kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við c-lið 145.A.85 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklag, sem kveðið er á um í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, þar sem umfang slíkra breytinga er tilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi.

#### 145.B.330 Breytingar – fyrirtæki

- a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella þurfi vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.

- c) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.
- d) Með fyrirvara um frekari framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið meta hvort fella þurfi tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins skv. c-lið.
- e) Að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið gera endurskoðun á slíkum breytingum hluta af samfelldu eftirliti sínu í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 145.B.300. Ef vanefndir gagnvart kröfum koma í ljós skal lögbæra yfirvaldið tilkynna fyrirtækinu þar um, fara fram á frekari breytingar og fara eftir ákvæðum 145.B.350.

#### 145.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta; athugasemdir

- a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa innleitt kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorði fyrirtækisins þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í mikla hættu.

Fyrsta stigs frávik skal einnig ná yfir eftirfarandi:

- 1) að láta hjá líða að veita lögbæru yfirvaldi aðgang að aðstöðu fyrirtækisins, eins og um getur í 145.A.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,
  - 2) þegar fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skrifleg gögn,
  - 3) gögn um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins,
  - 4) vöntun á ábyrgðarmanni.
- c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós koma vanefndir gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða gagnvart vottorði fyrirtækis þ.m.t. skilmálum samþykkis, sem flokkast ekki sem fyrsta stigs frávik.
  - d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávik og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef fyrsta stigs frávik tengist loftfari beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð.
- 1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis og, ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.
  - 2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:
    - i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem er í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrjú mánuðir til að byrja með. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávik og til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós; við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli fráviksins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest að því tilskildu að lögð hafi verið fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,
    - ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum.
  - 3) Ef fyrirtækið leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

- 4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávík, sem það hefur vakið máls á eða sem því hefur borist tilkynning um í samræmi við e-lið, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þær dagsetningar sem aðgerðum vegna frávika er lokið.
- e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir, gildir það að ef yfirvald, sem framkvæmir eftirlitsverkefni skv. d-lið 145.B.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni, hlítir ekki viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, skal það upplýsa viðkomandi lögbæra yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávikið er.
- f) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávík er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir vegna einhverra eftirfarandi tilvika:
- 1) fyrir hverja einingu sem hefur verið metin óskilvirk,
  - 2) þegar í ljós kemur að eining getur hugsanlega orsakað vanefnd gagnvart kröfum skv. b- eða c-lið,
  - 3) þegar tillögur eða úrbætur skipta máli fyrir heildaröryggisframmistöðu fyrirtækisins.

Athugasemdirnar, sem eru lagðar fram samkvæmt þessum lið, skulu tilkynntar fyrirtækinu skriflega og skráðar af lögbæru yfirvaldi.

#### 145.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) ógilda vottorð tímabundið þegar það telur gildar ástæður vera fyrir því að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir trúverðuga ögn við öryggi loftfara,
- b) ógilda tímabundið, afturkalla eða takmarka vottorð ef slíkrar aðgerðar er krafist skv. 145.B.350,
- c) ógilda tímabundið eða takmarka vottorð, í heild eða að hluta, ef ófyrirsjáanlegar aðstæður, sem lögbært yfirvald hefur enga stjórn á, koma í veg fyrir að skoðunarmenn gegni eftirlitshlutverki sínu á meðan eftirlitslota stendur yfir.“

31. Í stað II. viðbætis kemur eftirfarandi:

#### „II. viðbætur

#### **Flokka- og áritunarkerfi sem notað er fyrir skilmála samþykkis fyrir viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta**

- a) Nema kveðið sé á um annað fyrir minnstu fyrirtækin, sem um getur í m-lið, inniheldur taflan, sem um getur í l-lið, mögulega flokka og áritanir sem nota skal við að ákvarða skilmálana fyrir samþykki vottorðs fyrirtækis, sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta). Veita ber fyrirtæki skilmála samþykkis sem spanna allt frá einum flokki og áritun með takmörkunum til allra flokka og áritana með takmörkunum.
- b) Auk þess sem fram kemur í töflunni í l-lið, er sérhverju viðhaldsfyrirtæki skylt að tilgreina verksvið sitt í starfsemislýsingu sinni (MOE).
- c) Innan ramma þess flokks eða flokka og áritunar eða áritana sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt skal verksviðið, sem tilgreint er í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis, sýna nákvæmlega takmarkanir samþykkisins. Það er því mikilvægt að flokkur/flokkar og áritun/áritanir samþykkisins samsvari verksviði fyrirtækisins.
- d) *Flokksáritun í flokki A* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á loftfari og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflum og/eða aukaafstöðvum (APU)) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fástir á loftfarinu. Engu að síður getur viðhaldsfyrirtæki með A-réttindi fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fyrirtækið hefur ekki heimild til að framkvæma. Slík fjarlæging íhlutar vegna viðhalds, sem viðhaldsfyrirtæki með heimildir í A-flokki framkvæmir, skal falla undir viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

- e) *Flokksáritun í flokki A* er skipt niður í „aðalviðhald“ og „leiðarviðhald“. Slíkt fyrirtæki getur fengið samþykki til aðal- eða leiðarviðhalds eða hvort tveggja. Vakin er athygli á því að leiðarstöð, sem staðsett er á aðalviðhaldsstöð, þarf að hafa samþykki til leiðarviðhalds.
- f) *Flokksáritun í flokki B* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyflum og/eða aukaafstöðum og íhlutum hreyfils og/eða aukaafstöðvar, í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils og/eða aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum og/eða aukaafstöðinni. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með B-réttindi fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fyrirtækið hefur ekki heimild til að framkvæma.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki B er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald loftfars, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

- g) *Flokksáritun í flokki C* merkir að viðhaldsfyrirtæki er heimilt að annast viðhald á óísettum íhlutum (að undanskildum fullgerðum hreyflum og aukaafstöðvum) sem ætlaðir eru til isetningar í loftfar eða hreyfil/aukaafstöð.

Í dálkinum *takmörkun* verður að tilgreina umfang slíks viðhalds, sem gefur þar með til kynna umfang samþykkisins.

Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki C er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum íhlut (öðrum en fullgerðum hreyfli/aukaafstöð) við aðal- og leiðarviðhald loftfars, eða í viðhaldsaðstöðu hreyfils/aukaafstöðvar, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi samþykkt viðeigandi verklagsreglu um eftirlit í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins. Ef lögbæra yfirvaldið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.

- h) *Flokksáritun í flokki D* er sjálfstæð flokksáritun sem þarf ekki endilega að tengjast sérstöku loftfari, hreyfli eða öðrum íhlut. Áritun til prófunar án eyðileggingar í flokki D1 (NDT) er aðeins nauðsynleg fyrir viðhaldsfyrirtæki sem tekur að sér prófun án eyðileggingar sem sérstakt verkefni fyrir annað fyrirtæki. Samþykktu viðhaldsfyrirtæki með flokksáritun í flokki A, B eða C er heimilt að gera prófun án eyðileggingar á framleiðsluvörum, sem það annast viðhald á, án þess að hafa flokksáritun í flokki D1, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins séu verklagsreglur um prófanir án eyðileggingar.
- i) Markmiðið með dálkinum *takmörkun* er að gefa lögbærum yfirvöldum svigrúm til að laga samþykkið að tilteknu fyrirtæki. Áritanir má aðeins tilgreina á samþykkinu ef þær eru takmarkaðar á viðeigandi hátt. Í töflunni í 1-lið eru tilgreindar allar takmarkanir sem til greina koma. Í dálkinum *takmörkun* er ásætlanlegt að leggja áherslu á viðhaldsverkefnið fremur en á tegund eða framleiðanda loftfarsins eða hreyfilsins, ef það hentar betur fyrir fyrirtækið (dæmi um þetta gæti verið ísetning og viðhald á rafeindakerfum loftfara). Ef minnst er á slíkt í dálkinum *takmörkun* gefur það visbendingu um að viðhaldsfyrirtækið sé samþykkt til að annast viðhald til og með þeirri tilteknu tegund/verki.
- j) Tilvísun í *röð*, *tegund* og *hóp* í dálkinum *takmörkun* fyrir flokk A og B ber að skilja sem hér segir:

— „röð“ merkir tiltekna tegundarröð, s.s. Airbus 300, 310 eða 319 eða Boeing 737-300-röðina, RB311-524-röðina, Cessna 150 eða Cessna 172, Beech 55-röðina, Continental O-200-röðina o.s.frv.,

— „tegund“ merkir tiltekna tegund eða undirtegund, s.s. Airbus 310-240-tegundina, RB 211-524 B4-tegundina eða Cessna 172RG-tegundina.

Tilgreina má eins margar raðir eða tegundir og óskað er eftir,

— „hópur“ merkir t.d. eins hreyfils Cessna-flugvél með strokkhreyfli eða Lycoming-strokkhreyfla án forþjöppu o.s.frv.

- k) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar 145.A.85 er fyrirtæki heimilt, þegar notaður er *verkleyfislisti* fyrir íhluti sem kann að sæta tíðum breytingum, að leggja það til að slíkar breytingar, sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, verði felldar inn í verklagsreglurnar sem um getur í c-lið 145.A.85.

## l) Tafla

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A1 Flugvélar með yfir 5 700 kg hámarksflugtaksmassa	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: Airbus A320-röðin</i>	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A2 Flugvélar með 5 700 kg hámarksflugtaksmassa	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin</i> Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML- hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A3 Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: Robinson R44</i> Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML- hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A4 Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð (aðeins hægt fyrir loftför sem falla undir V. viðauka b (ML- hluta)).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
HREYFLAR	B1 Hverfihreyfill	[Tilgreina skal röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: PT6A-röðin</i>		
	B2 Strokkhreyfill	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		
	B3 Aukaafstöð (APU)	[Tilgreina skal framleiðanda, röð eða tegund hreyfils og/eða viðhaldsverkefni]		

AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR	C1 Loftræsting og - þrýstingur	[Tilgreina skal tegund loftfars eða framleiðanda loftfars, framleiðanda íhlutar eða tiltekinn íhlut og/eða millivísu í verkleyfislista í starfsemislýsingunni og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: PT6A-eldsneytisstýring</i>
	C2 Sjálfstýring	
	C3 Fjarskipti og leiðsaga	
	C4 Hurðir — lúgur	
	C5 Rafafli og ljós	
	C6 Búnaður	
	C7 Hreyfill — aukaafstöð	
	C8 Stýri	
	C9 Eldsneyti	
	C10 Þyrla — þyrlar	
	C11 Þyrla — drif	
	C12 Vökvaafli	
	C13 Vísi- og skráningarbúnaður	
	C14 Lendingarbúnaður	
	C15 Súrefni	
	C16 Loftskráfur	
	C17 Loftþrýstikerfi/sogkerfi	
	C18 Vörn gegn ísingu, regni og eldi	
	C19 Gluggar	
	C20 Burðarvirki	
	C21 Vatnskjölfesta	
	C22 Knýaukning	
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1 Prófun án eyðileggingar	[Tilgreina skal tiltekna aðferð eða aðferðir við prófun án eyðileggingar]

(\*). Strika skal yfir það sem á ekki við.

- m) Viðhaldsfyrirtæki, þar sem einungis einn starfsmaður er ráðinn til starfa, bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, getur aðeins fengið samþykki með takmarkandi skilmálum. Leyfilegt hámark er sem hér segir:

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR	A2	FLUGVÉL MEÐ STROKKHREYFLI MEÐ HÁMARKSFLUGTAKSMASSA SEM ER AÐ HÁMARKI 5 700 KG EÐA MINNI
LOFTFÖR	A3	EINS HREYFILS ÞYRLA MEÐ STROKKHREYFLI MEÐ HÁMARKSFLUGTAKSMASSA SEM ER AÐ HÁMARKI 3 175 KG EÐA MINNI
LOFTFÖR	A4	ENGIN TAKMÖRK
HREYFLAR	B2	MINNA EN 450 HESTÖFL
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR	C1 TIL C22	SAMKVÆMT VERKLEYSLISTA
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	D1 NDT	TILGREINA SKAL NÁNAR AÐFERÐ(IR) VIÐ PRÓFUN ÁN EYÐILEGGINGAR

Taka ber fram að lögbæra yfirvaldið getur sett enn frekari takmarkanir í skilmála samþykkis slíks fyrirtækis, sem ræðst af getu viðkomandi fyrirtækis.“



*III. VIÐAUKI*

Í stað inngangsorða a-liðar ML.A.906 í V. viðauka b (ML-hluta) kemur eftirfarandi:

„Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis eða frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki, skal umsækjandinn:“

\_\_\_\_\_

*IV. VIÐAUKI*

Í stað þriðja málsliðar c-liðar M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) kemur eftirfarandi:

„Slíku viðhaldsfyrirtæki fyrir hreyfla er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.“

---